

vinna. Um málskostnað í hjeraði skal hjeraðsdómn-  
um óraskað. Akærða ber að greiða allan af áfrýjun  
málsins löglega leiðandi kostnað, þar með talin mál-  
flutningslaun til sóknara og svaramanns fyrir yfir-  
dómi, 10 kr. til hvors þeirra. Það skal tekið fram,  
að það sjest ekki, að hjeraðsdómarinn hafi gefið hin-  
um ákærða kost á að fá sjer talsmann settan, að öðru  
leyti hefur rekstur málsins í hjeraði verið vítalaus.  
Sókn og vörn í málinu við yfirdóminn hefur verið  
lögmaet.

Því dæmistrjett að vera:

Ólafur Árnason á að sæta betrunarhússvinnu  
í 8 mánuði. Um málskostnað skal hjeraðsdómn-  
um óraskað. Hinum ákærða ber að greiða all-  
an af áfrýjun málsins löglega leiðandi kostnað,  
þar með talin málflutningslaun til sóknara og  
svaramanns fyrir yfirdómi Páls Melsteðs og  
Franz Siemsens, 10 kr. til hvors þeirra.

Dóminum að fullnægja undir aðför að lögum.

Nr. 9/1885

Sigfús Bjarnarson

gegn

bæjarfógeta E. Th. Jónassen.

Dómur:

Þess skal fyrirfram getið, að yfirdómari Magnús  
Stephensen hefur óskað, að landsyfirdómuriun skeri  
úr því, hvort honum væri skylt að víkja úr dómara-  
sæti fyrir mægðasakir við annan málspartinn, Theo-  
dór bæjarfógeta Jónassen, en með því mægðum þess-

um er slitið, þar sem systir Magnúsar yfirdómara, fyrri kona Theodórs bæjarfógeta, er dain, álitur yfirdómurinn ekki neina ástæðu vera til, að hann viki úr dómarasæti í málinu, sbr Jónsb. kaupab. 2.

Þá er mál þetta fyrst var tekið fyrir 24. f. m., beiddist málflytningismaður áfrýjanda þess að honum yrði veittur 3 vikna frestur til þess, að útvega leyfisbrjef til að leggja fram ný skjöl, en því var mót-mælt, af hinum stefnda, og verður frestur þessi því ekki veittur, sjá tilskip. 3. júní 1796 6. gr., enda hefur áfrýjandi nefndan dag lagt málið í dóm og svo einnig hinn stefndi.

Mál þetta er risið af því, að hinn stefndi, sem bæjarfógeti í Reykjavík, ritaði skipstjóra einum, að nafni Christensen, 13. ágúst f. á. brjef þess efnis, að hann bannaði honum, að við lagðri ábyrgð, að taka stúdent Sigfús Bjarnarson með sjer sem farþega fyrir en hann hefði átt tal við sig. Með þessu hefur áfrýjanda þótt sjer misboðið, og segist hafa beðið tjón af. Höfðaði hann því mál fyrir gestarjetti Reykjavíkur, og fór fram á, að hinn stefndi yrði dæmdur til að lúka sjer að minnsta kosti 1000 kr. fyrir atvinnuhnekki, vansa og gjaldtraustsspjöll, svo og málskostnað, en með dómi gestarjettarins 29. sept. f. á. var hinn stefndi sýknaður af kærnum og kröfum áfrýjandans, en málskostnaður látinn falla niður.

Þessum dómi hefur Sigfús Bjarnarson skotið til yfirdómsins og krafizt, að hinn stefndi verði skyldaður til að greiða áfrýjandanum skaðabætur fyrir atvinnuhnekki, tímatöf, „Tort og Creditspilde“, i tilefni af áðurnefndu banni með að minnsta kosti 1000 kr., eða eptir mati óvilhallra dómkvaddra manna, og

enn fremur allan málskostnað fyrir báðum dómum eptir mati rjettarins. Á hinn bóginn hefur hinn stefndi krafizt að verða sýknaður af öllum kærnum og kröfum áfrýjanda, að áfrýjandi verði sektaður fyrir óþarfa málsýfingu og dæmdur til að greiða sjer málskostnað.

Það er að vísu í máli þessu sannað, að hinn stefndi, bæjarfógeti E. Th. Jónassen, hefur lagt bann fyrir, að Christensen skipstjóri tæki áfrýjanda með sjer á skip sitt sem farþega í ágústmánuði í fyrra sumar, en bann þetta var bundið þeim skildaga: „fyr en hann hefði átt tal við sig“. Að áfrýjandi ekki komst með skipinu virðist því skipstjóra einum eða að mestu að kenna, því hann kom ekki að máli við bæjarfógeta, og þótt ekki sje neitt framkomið í málinu um ástæður bæjarfógeta fyrir banninu, virðist sjálft bannið bera það með sjer, að bannið mundi hafa orðið upphafið, ef skipstjóri hefði átt tal við bæjarfógeta. Eptir atvikum virðist því ekki hinum stefnda bæjarfógeta verða gefin sök á, að áfrýjandi ekki komst með skipstjóra Christensen, og verður hann því ekki heldur dæmdur til að lúka áfrýjanda skadabætur eða annað það, sem áfrýjandi hefur farið fram á. Með því yfirdómurinn þannig verður að vera hjeraðsdóminum samþykkur, einnig að því ákvæði hans um málskostnað snertir, ber að staðfesta hinn áfrýjanda dóm. Málskostnaður fyrir yfirdómi virðist eptir atvikum eiga að falla niður.

Því dæmist rjett að vera:

Hinum áfrýjanda gestarjettardómi skal óraskað.

Málskostnaður fyrir yfirdómi falli niður.